

Minnisblað

Viðtakandi:	Íris Stefánsdóttir
Sendandi:	Hörður Bjarnason
Dreifing:	Ármann Viðar Sigurðsson
Dagsetning:	18.06.2024
Skjalanúmer:	1661221-000-CMO-0002

Þjóðvegur í þéttbýli Fjallabyggðar – Deiliskipulag – Ólafsfjörður Skipulagsuppráttur – Breyting

Innsendar athugasemdir og svör við þeim

Í gildi er deiliskipulag fyrir þjóðvegi í þéttbýli Fjallabyggðar á Ólafsfirði, sem tók gildi 7. nóv. 2022 með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda. Breytingar hafa verið gerðar á skipulaginu, sem eru eftirfarandi:

- Bílastæði meðfram þjóðvegi við Aðalgötu 2 hafa verið fjarlægð.
- Stoppistöð við Aðalgötu 2 hefur verið fjarlægð.
- Deiliskipulagsmörk kringum bílastæðakjarnann milli Aðalgötu 1 og Múlavegar 4 hafa verið útvíkkuð.
- Göngu- og hjólastígur við Múlaveg 4/6 hefur verið færður og þrengdur, með óverulegri færslu á legu þjóðvegjar.
- Frá Múlavegi 6 til norðurs (að áningarstað) hefur göngu- og hjólastígur verið þrengdur og færður fjær þjóðvegi, með tilheyrandi breytingum/færslu á deiliskipulagsmörkum.
- Göngu- og hjólastígur liggur nú aðeins inn fyrir lóðamörk Múlavegar 8.


Tími grenndarkynningar vegna þessara óverulegu breytinga er liðinn og bærust eftirfarandi athugasemdir frá einum aðila. Svör verkefnisstjóra með gerð deiliskipulags og ofangreindra breytinga má sjá í **gulum lit** aftan við hverja athugasemd.

Athugasemdir frá Alberti Gunnlaugssyni, húseiganda Múlavegar 4

- ❖ "Bendi á að eins og sagt var að tilgangur með að þrengja götuna væri til að lækka ökuhraða, þá tel ég það mjög misráðið og geri bara meiri slyshættu í umferð um þetta svæði."
 - Umrædd þrenging er í núgildandi deiliskipulagi. Tilgangur skipulagsins er m.a. að auka umferðaröryggi á skipulagssvæðinu og stuðla að bættu aðgengi fyrir vistvæna ferðamáta. Til að minnka umferðarhraða og auðvelda þveranir gangandi og hjólandi er almennt talið jákvætt fyrir umferðaröryggi að þrengja götur og vegi, en þó þannig að stærri ökutæki á þjóðvegum landsins komist leiðar sinnar á öruggan hátt.

- ❖ "Vil að fyrirhuguð 11 bílastæði, göngu- og hjólastígur framan við Múlaveg 4 og 6 verði ekki að veruleika. Bara láta í friði eins og það er núna."
 - Umrædd bílastæði ásamt göngu- og hjólastíg eru í núgildandi deiliskipulagi og ekki stendur til að breyta því.

- ❖ "Götubverun með hraðahindrun verði gerð norðan við gatnamótin (gult) upp á Brekkugötu og góð gang- og hjólabraut þar suður að gangstétt við Kjörbúðina. Helst lokað fyrir akveg niður að höfn hjá bílastæðinu og það stækkað í staðinn. Grænt belti, þrenging norður Múlavegin og framan við Kjörbúðina er bara til að auka slyshættu. Burt með það."



- Í núgildandi deiliskipulagi eru sýndar staðsetningar megin göngubverana yfir þjóðveginn. Voru staðsetningar þeirra ákveðnar í nánu samráði við Fjallabyggð og Vegagerðina og miða að því að vera staðsettar þar sem líkur eru á að flestir gangandi og hjólandi þveri þjóðveginn. Hraðahindranir eru ekki sýndar sérstaklega á deiliskipulaginu.
 - Í skipulaginu er gert ráð fyrir 2,0 m breiðri gangstétt vestan megin við þjóðveg.
 - Lokun niður að höfn hjá bílastæðinu er ekki innan marka þessa deiliskipulags.
 - Það er mat verkefnisstjóra með gerð deiliskipulags að færsla þjóðvegur og þrenging norður Múlavegin og framan við Kjörbúðina muni draga úr umferðarhraða og þannig minnka slyshættu.
-
- ❖ "Til að lækka ökuhraða skal bent á að setja frekar upp gangbrautir/hraðahindranir, þrengingar með hraðaskiltum og hraðamyndavélar."
 - Megin tilgangur núgildandi deiliskipulags er að auka umferðaröryggi, t.d. með þrengingu á öllum þjóðvegnum, bæta við hliðarhindrunum og staðsetja öruggar göngubveranir. Aðrar hraðatakmarkandi aðgerðir eru ekki sýndar sérstaklega, en ekkert er því til

fyrirstöðu fyrir Fjallabyggð og Vegagerðina að skoða nánar uppsetningu á frekari hraðatakmarkandi aðgerðum, ef þörf þykir á.

- ❖ "Sé að lóðaleigusamning var breytt og nýr þinglýstur feb. 1993."
 - Í athugasemdinni kemur fram töluverð umræða um fyrri lóðaleigusamninga sem verkefnisstjóra með gerð deiliskipulags var ekki kunnugt um. Notast var grunn sem sýndi núgildandi lóðamörk.
 - Í umræddri breytingu á núgildandi deiliskipulagi hefur göngu- og hjólastígur við Múlaveg 4/6 hefur verið færður og þrengdur, á þann hátt að nú liggur stígurinn a.m.k. 4,8 m frá húsvegg þ.e. út fyrir núverandi plan við Múlaveg 4/6 og í legu núverandi þjóðvegjar.

- ❖ "Í upphaflegri tillögu þá var gert ráð fyrir bílastæðum á þessum 12 metrum af lóð sem er fyrir sunnan og endann á húsinu."
 - Ekkert er því til fyrirstöðu að lóðareigandi útbúi bílastæði fyrir sunnan og endann á húsinu.

- ❖ "Fyrir miðju húsi á götubrún er niðurfall, sem er mjög nauðsynlegt fyrir mig að hafa upp á vatnslosun. Reyndar eftir að það var malbikað ofan á götuna, þá hækkaði hún um 4-5 sm og niðurfall var líka hækkað. Það gerir að safnast vatn við götubrúnina."
 - Í deiliskipulagi eru ekki sýndar staðsetningar niðurfalla. Þess má þó geta að þegar stígurinn er kominn mun hönnun gera ráð fyrir að allt yfirborðsvatn sem lendir á götu eða stíg renni í ný niðurföll við götu.

- ❖ "Til vara þarf að gera aðgengi fyrir bíla fyrir sunnið norðan við húsið Múl. 4, en ég hef verið að nota það sem bílastæði fyrir minn bíl. Auk þessa þarf að vera aðgengi fyrir bíl að suður hurð þar sem ég tek á móti vörum og stundum tek þar inn bíla. Líka þarf að vera aðgengi að þessum 12 metrum sunnan við húsið, þar sem ég þarf þá að gera bílastæði fyrir viðskiptavinum eins og gert var ráð fyrir í upphafi."
 - Í núgildandi deiliskipulagi er ekki gert ráð fyrir aðgengi fyrir bíla norðan við Múlaveg 4.
 - Í núgildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir aðgengi fyrir bíla að suður hurð.
 - Ágætis aðgengi verður að þessum 12 metrum sunnan við húsið gegnum nýja bílastæðið, sem sýnt er í núgildandi deiliskipulagi.

- ❖ "Með að setja 11 bílastæði hér fyrir sunnan húsið hjá mér, þá get ég frætt ykkur um að bílastæðið við kjörbúðina hefur aldrei verið fullt í þessi bráðum 3 ár sem ég hef haft þetta fyrir augunum út um gluggann skáhallt á móti! Líka hellings slysaætla að ætla fólki að fara þarna yfir götuna í búðina."
 - Ýmis konar þjónusta er í boði næst þjóðvegi á þessu svæði og tilgangur þessara nýju bílastæða er að þjónusta byggðina í heild sinni. Nýju bílastæðin eru því ekki ný bílastæði fyrir verslunina hinum megin götunnar.